

**74. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
11. desember 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Raket Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Karl Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun

Aðalskipulag Akraness 2018-2030.

Lögð var fram tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness sem nær til skipulagstímabilsins 2018 til 2030. Árni Ólafsson arkitekt fór yfir tillöguna.

Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á tillögunni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagstillagan verði kynnt almennungi og hagsmunaaðilum á almennum kynningarfundum sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1712066 - Deilisk. Skógahverfi 2. áfangi - breyting byggingarreitir

Skógahverfi II.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til eftirfarandi breytingu á skilmálum:

Kafla 4.1.1 Byggingarreitir, 1. mgr., gildandi skipulag:

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdrætti og málsettir á mæliblaði.

Hús skulu standa innan byggingarreits. Þó mega þakbrúnir ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit.

1. mgr. verði:

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdrætti og málsettir á mæliblaði.

Hús skulu standa innan byggingarreits. Þó mega þakbrúnir ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit. Svalir og útbyggingar á fjölbýlishúsum, t.d. útbyggðir gluggar, stigahús eða kennileiti mega ennfremur ná út fyrir byggingarreit.

Breytingin er gerð til samræmis við skipulagsskilmála í Skógahverfi I. Hún er almenn og mun ekki skerða hagsmuni náganna hvað snertir landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði gerð skv. 3. mgr. skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

3. 1711030 - Útileikvöllur fyrir fullorðna (íþróttir fyrir fullorðna)

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir framvindu verkefnissins.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar umhverfisstjóra góða kynningu.
Umhverfisstjóra falið að hafa samráð við forsvarsmenn ÍA um verkefnið.*

4. 1710019 - Brekkubæjarskóli - endurbætur á húsnæði á annarri hæð, hönnun 2017

Minnisblað frá Andrúum arkitektum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að Andrúum arkitektar verði með hönnun er varðar breytingar á eldri hluta Brekkubæjarskóla.

Ráðið felur sviðsstjóra að ganga frá verksamningi þar að lútandi.

5. 1712041 - Úthlutun lóða - auglýsing

Byggingafulltrúa falið að gera auglýsingu á lausum lóðum í Skógarhverfi 1. og 2. áfanga.

6. 1705204 - Sementsskorsteinn - málefni

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð, að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa Akraness um hvort fella skuli strompinn eða ekki.

7. 1709124 - Viti á Akranesi frá 1891

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í að reist verði ljósker sem minnisvarði um víta er stóð á Akurshól.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:35.

Eira Þoroch
Rakel Ósunnkoti
Valgautur S. Jensen
Karítas Jónsdóttir
Kristín Sigurgeirsdóttir
Sig. P. H.
Sindri Birgisson
Stefán S. Steindóttir
Hafþór Sigurðsson rit.